

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. apríl 2015

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um stofnun starfshóps um aukinn hlut karlkynskennara í grunnskólum borgarinnar:

Lagt er til að samþykkt verði að beina því til borgarráðs að stofna starfshóp til að koma fram með tillögur og leiðir til að auka hlut karlkynskennara í grunnskólum borgarinnar og hafa það þannig að markmiði að auka jafnréttisfyrirmyndir fyrir grunnskólabörn á uppvaxtarárum þeirra.